Námsgrein: Myndmennt/Sjónlistir 8. bekkur

Kennari: Helga Dagný Einarsdóttir

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund

Námsefni: Ýmis verkefni frá kennara

Kennsluaðferðir og skipulag: Sýnikennsla, stuttir fyrirlestrar og verklegar æfingar

Námsmat: Símat, leiðsögn og virk endurgjöf í gegnum allt ferli. Við námsmat er einnig litið til umgengni, vinnulags og hvort fyrirmælum sé fylgt.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur efla sjónrænt læsi með því að skoða greina og túlka myndir, tákn og liti.
Sjálfbærni	Nemendur vinna með efni og hugmyndir sem stuðla að ábyrgri umgengni við náttúru og samfélag. Meðvitund um skynsamlega notkun efnaviðar og góða umgengni áhalda.
Heilbrigði og velferð	Nemendur fá tækifæri til að efla andlega vellíðan og sjálfsþekkingu í gegnum skapandi tjáningu í umhverfi þar sem lögð er áhersla á jákvæð samskipti, rétta líkamsbeitingu og hreinlæti.
Lýðræði og mannréttindi	Virðing fyrir fjölbreytileika, ólíkum tjáningarformum og skoðunum er höfð að leiðarljósi.
Jafnrétti	Kennslan tekur mið af fjölbreyttum bakgrunni nemenda og stuðlar að inngildandi námsumhverfi.
Sköpun	Nemendur fá tækifæri til að þróa hugmyndir sínar, prófa mismunandi aðferðir og efni og skapa á persónulegan hátt. Sköpun, frumleiki og sjálfstæð vinnubrögð eru í forgrunni í allri kennslu þar sem mistök eru tækifæri til að lærdóms.

Heimsmarkmiðin / Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna:

Áhersla er lögð á sköpun, sjálfbærni, fjölbreytileika, jafnrétti, mannréttindi og tjáningu. Nemendur fá tækifæri til að tjá eigin hugmyndir, skoðanir og upplifanir í gegnum myndlist og skapandi vinnu, virða ólík sjónarhorn og vinna með ábyrgri og meðvitaðri notkun efna. Áhersla er lögð á að allir nemendur fái að taka þátt, njóti sín á eigin forsendum og upplifi að hugmyndir þeirra og sjónarmið skipti máli.

Unnið er meðal annars með **Heimsmarkmið 4, 5, 10, 11, 12 og 13** og **2., 12., 13. og 29. grein Barnasáttmálans**, eftir eðli og áherslum hvers verkefnis.

*Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar.

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið	Markmið
Listasaga: Abstrakt list- Piet Mondrian, Jackson Polloc, Finnur Jónsson, Karl Kvaran, Gerður Helgadóttir	Kynning um listamenn og listastefnu, blýantar, pennar, litir, málning, fjölbreytt áhöld, pappír	• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni, • greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun, • tjáð skoðanir eða tilfinningar í eigin sköpun með tengingu við eigin reynslu og gagnrýni á samfélagið, • notað orðaforða og hugtök frumþátta og lögmála myndlistar til að tjá skoðanir sínar á myndlist og hönnun og fært rök fyrir þeim út frá eigin gildismati. • greint, borið saman og lýst ýmsum stílum og stefnum í myndlist og hönnun og sett þau í það menningarlega samhengi sem þau voru sköpuð, bæði hér á landi og erlendis.	• Að þekkja ólíkar aðferðir og efni og nýta sér í eigin sköpun • Að beita þekkingu sinni til að vinna með fjölbreyttan efnivið og skapa verk með blandaðir tækni • Að tjá tilfinningar í flæðisæfingu • Að lýsa skoðunum sínum á listaverkum og færa rök fyrir máli sínu á einfaldan hátt • Að greina helstu stíla og stefnur á skýran hátt
Op-art	Strigaspjald/málningar pappír, akrílmálning, poscapennar, annar frjáls efniviður	• valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni, • greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun,	• Að þekkja ólíkar aðferðir og efni og nýtt sér í eigin sköpun • Að sýna skilning sinn á sjónvillu og hvernig mismunandi form, línur og kontrastar geta skapað sjónblekkingar
Gifs skúlptúr út frá tónlist	Álpappír, gifs grisjur, málning og annar frjáls efniviður	• getur greint og beitt fjölbreyttum aðferðum og tækni í eigin sköpun,	• beitt þekkingu sinni til að vinna með fjölbreyttan efnivið og skapa verk með blandaðri tækni

		• getur valið á milli mismunandi aðferða við sköpun, prófað sig áfram og unnið hugmyndir í fjölbreytta miðla og tækni,	• þekkt ólíkar aðferðir og efni og nýtt sér í eigin sköpun
Önnur frjáls og opin verkefni			• Að nemendur þjálfist í að skapa út frá eigin áhuga